

198. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 14. des. 2021, á Teams

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Arnar Kristjánsson, Magnús A. Sigurðsson, Valdís Einarsdóttir og Sigurður Halldór Árnason. Guðríður, Arnheiður og Karl boðuðu forföll með stuttum fyrirvara og ekki náðist að boða varamenn

Fundarritari: Anna Hallgrímsdóttir (AH)

Formaður setti fund kl. 10.30

Fundargerð 197. Fundar

Afgreiðsla:

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Skráning örnefna og varpfugla í Fellstrandarhreppi 2021

Farið var yfir skjöl með skráningum örnefna í Breiðafirði. Breiðafjarðarnefnd telur mjög verðmætt að fá þessar skráningar og þakkar Þorvaldi Þór Björnssyni fyrir framtak hans að þessu verkefni.

Nefndin óskar eftir kynningu frá Þorvaldi á nýju ári.

Afgreiðsla:

Fá upplýsingar um það hversu mikið er eftir af verkefninu.

Skoða fjárheimild og möguleika nefndarinnar á að styrkja verkefnið framvegis.

Hafa samband við Þorvald á næsta ári og óska eftir kynningu.

Landvarsla við Breiðafjörð

Vinna er í gangi og verður kynnt þegar hún liggur fyrir.

Afgreiðsla:

Vísað til næsta fundar

Endurskoðun á Verndaráætlun Breiðafjarðar

Kostnaðaráætlun frá NAVE og NSV vegna endurskoðunar á verndaráætlun yfirfarin.

Verkefnastjórnun verður hjá NAVE, Sigurlaug Sigurðardóttir verður verkefnastjóri.

Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 4.080.000 kr. án vsk.

Gert er ráð fyrir að drög að uppfærðri verndaráætlun liggja fyrir í maí 2022.

Nefndin telur nauðsynlegt að verkefnum í verndaráætlun verði forgangsraðað.

Afgreiðsla:

Samþykkt að gera samning við NAVE og NSV vegna endurskoðun á Verndaráætlun Breiðafjarðar.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar 2021

Farið yfir fjármálin.

Afgreiðsla:

Endurskoðuð áætlun að teknu tilliti til samnings um endurskoðun á verndaráætlun samþykkt.

Önnur mál

Vöktun á selasvæðum við Breiðafjörð.

Afgreiðsla:

Vísað til næsta árs (og spurning hvort það tengist verndaráætlun).

Nefndin fór yfir drög að þjónustusamning vegna stöðu nýs verkefnisstjóra vegna verndar Breiðafjarðar. NSV hefur gengið frá ráðningu Jakob Johann Stakowski í starfið. Jakob mun jafnframt gegna starfi ritara Breiðafjarðarnefndar í 25% starfshlutfalli.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd óskar Jakob Johann Stakowski til hamingju með starfið.

Næsti fundur áætlaður þriðjudaginn 18. janúar á Teams, kl. 10:30.

Fundi slitið kl. 11.30.